

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
Frá Vilhjálmi Bjarnasyni

Umsögn um þingmál

*Varðar þingskjal 4 — 4. mál.Stjórnarfrumvarp.*

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall).*

Virðulega þingnefnd

Ég get ekki látið hjá líða að senda virðulegri þingnefnd umsögn um framangreint frumvarp.

Í fyrirsögn er fjallað um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Það er rangnefni því þessi skattur er greiddur af lántökum og eykur vaxtamun bankana.

Með öðrum orðum, þetta er skattur á neytendur, ekki fjármálafyrirtæki og leggst fyrst og fremst á lántakendur. Þessi sérstaki skattur dregur úr samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja gagnvart skuggabanastarfsemi og lífeyrissjóðum. Þannig dregur þessi skattur úr skilvirkni fjármálakerfisins, en það bæði minnkar verðmæti banka í eigu ríkisins og eykur fjármögnunarkostnað heimila og fyrirtækja.

Forsenda þessa sérstaka skatts var svokölluð „leiðrétting“ húsnæðislána árið 2014. Sú aðgerð ein og sér var mjög óréttlát fyrir lántakendur, þar sem lántakendum var mjög mismunað eftir lánsformum og tilgangi lána.

Ef Alþingi hefur áhuga á að auka hagkvæmni og skilvirnki fjármálamarkaðar til hagsbóta fyrir lántakendur er rétt og eðlilegt að fella þennan skatt niður þegar í stað.

Það skal rifjað upp, að það var aðeins einn heiðvirður þingmaður sem greiddi atkvæði gegn þessum skatti á haustþingi 2013.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

[vilhi.bjarnason@gmail.com](mailto:vilhi.bjarnason@gmail.com) GSM 895 6280